

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 20. apríl 2001

Dagskrá aðalfundar er skv 9. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins.
2. Félagsstjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Umræður um álit nefnda og afgreiðslu mála.
5. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
6. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
7. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Kornhlöðunni 28. apríl 2000. Á fundinum gaf formaður félagsins kost á sér til endurkjörs. Allir í stjórn félagsins gáfu kost á sér til endurkjörs nema varamaður og ný fræðslunefnd var kosin.

Arnfríður Ólafsdóttir var endurkjörin sem formaður.

Í stjórn voru endurkjörin :

Ólafur Finnbogason,

Ragnheiður Bóasdóttir,

Sigríður Bílddal,

Una Björg Bjarnadóttir.

Varamenn í stjórn voru kosnar Helga Valtýsdóttir og Ólöf Úlfarsdóttir.

Í fræðslunefnd voru kjörnar:

Helga Eysteinsdóttir, Magnea Ingólfisdóttir og Sigurjóna Jónsdóttir.

Endurskoðendur voru kosnir Bjarni Guðlaugsson og Björg Birgisdóttir.

Til vara Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gekk Inga Jóna Þórsdóttir. Úr fræðslunefnd gengu Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Sigríður Dís Gunnarsdóttir. Eru þeim þökkun vel unnin störf.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt. Sigríður Bílddal varaformaður, Una B. Bjarnadóttir gjaldkeri, Ragnheiður Bóasdóttir ritari og Ólafur Finnbogason meðstjórnandi. Stjórnin hélt 11 stjórnarfundir á árinu en auk þess einn fund vegna undirbúnings endurmenntunarnámskeiðs FNS. Fræðslunefnd var boðuð á alla stjórnarfundir. Gestir sem boðaðir voru á stjórnarfundum voru Bryndís Guðmundsdóttir frá siðanefnd FNS og Anna Sigurðardóttir og Hrafnhildur Tómasdóttir vegna undirbúnings Viku símenntunar. Einnig mætti Þuríður Hjálmtýsdóttir sálfræðingur á einn fund vegna fyrirhugaðs endurmenntunarnámskeiðs FNS.

Fræðslunefnd

Um starfssvið fræðslunefndar er getið í 13. grein laga félagsins, en þar segir: Fræðslunefnd skal skipuð þremur mönnum. Starfssvið hennar er að sjá um útgáfu fréttabréfs og vinna að fræðslumálum í samráði við stjórn félagsins. Fræðslunefnd FNS sér um útgáfu fréttabréfs félagsins, Skutlu. Á árinu komu út þrjár Skutlur. Tvær voru sendar út í pósti en þriðja var send út rafrænt eins og lengi hafði verið rætt um. Félagsmenn eru flestir nettengdir og geta því lesið fréttabréfið af skjánum eða prentað út sitt eintak. Fræðslunefnd hefur verið boðuð á alla stjórnarfundir og hefur fulltrúi nefndarinnar setið flesta fundir. Fræðslunefnd hefur skipulagt og séð um framkvæmd fræðslufunda félagsins í samráði við stjórn. Stjórnin færir þeim bestu þakkir fyrir.

Félagsfundir

Vinnufundur FNS var haldinn í Kennarahúsinu 4. september s.l. Markmið fundarins var að fá félagsmenn til að taka virkan þátt í vinnu við þau málefni sem efst voru á baugi. Á fundinum störfuðu þrjú vinnuhópar. Tveir hópar, einn fyrir grunnskólastig og annar fyrir framhaldsskólastig, unnu að kröfugerð fyrir félagið vegna komandi kjarasamninga. Þriðji hópurinn vann áframhaldandi vinnu með gögn frá siðanefnd félagsins með það að markmiði að finna þau siðferðilegu viðmið sem félagsmenn gætu sameinast um.

Vinnufundurinn var afar gagnlegur sérlega með tilliti til þeirrar vinnu í kjaramálum sem framundan var.

Fyrsti fræðslufundur vetrarins var haldinn 25. september og þar fjallaði Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi við HÍ, um Starfspjaldakapal sem er notaður til áhugasviðsgreiningar. Jónína er að ljúka þýðingu og staðfærslu starfspjaldakapalsins og veitti stjórn FNS hluta styrks Starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins í þetta verkefni.

Einnig kynnti Sigríður H. Jónsdóttir starfsþrónunarstjóri hjá Landsbanka Íslands Leonardoverkefnið Vindrós sem er náms- og starfsfræðsluverkefni fyrir ungt fólk. Sigríður kynnti einnig stuttlega starf sitt sem starfsþrónunarstjóri Landsbanka Íslands við þetta tækifæri.

Mánudaginn 25. október var haldið stefnumót félagsins við við nýútskrifaða náms- og starfsráðgjafa í Kennarahúsinu. Tvö lokaverkefni voru kynnt: “Starfsþróun og hlutverk ráðgjafa í fyrirtækjum” sem unnið var af Anítu Jónsdóttur og Elsu Heimisdóttur og “Samband foreldragerðar og prófkvíða” sem unnið var af Ágústu Inghórsdóttur, Ástu Gunnarsdóttur, Ingu Jónu Ingadóttur og Ingveldi Sveinbjörnsdóttur.

Föstudaginn 8. desember var jólafundur félagsins haldinn í Kennarahúsinu. Á dagskrá fundarins fjallaði Davíð Óskarson námsráðgjafi í Iðnskólanum um dvöl sína í Kanada sl. vetur. Gospelsystur, undir stjórn Margrétar Pálmadóttur, sungu og boðið var upp á léttar veitingar. Góð stemmning var á fundinum.

Mánudaginn 29. janúar var haldinn fræðslufundur í Kennarahúsinu um áfallahjálþ. Elín Jónasdóttir sálfræðingur, sem starfað hefur hjá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar en hefur nýlega hafið störf hjá Rauðakrossi Íslands við skipulagningu áfallahjálþar, fjallaði um skyndihjálþ við áföllum.

Mánudaginn 26. febrúar var haldinn í Kennarahúsinu fræðslufundur þar sem Elín Vilhjálmsdóttir kennari í FÁ kynnti áfangann NÁM 113 sem ætlaður er fyrir nemendur með lestrarerfiðleika. Hannes Hilmarsson kennari við MK fjallaði um nemendur sem eiga í vandræðum með stærðfræði og hvernig bregðast má við hinni vel þekktu “stærðfræðifóbíu”.

Verkfall framhaldsskólakennara setti mark sitt á allt starf framhaldsskólanna á liðnum vetri en það stóð frá 7. nóvember til 7. janúar. s.l.

Stjórn FNS hélt almennan félagsfund um stöðu kjaramála þann 20. nóvember s.l. þar sem Kjaranefnd félagsins gerði grein fyrir stöðu mála í samningaviðræðunum og hvernig okkur miðaði í að koma kröfum okkar á framfæri. Í kjaranefnd starfa Sigrún Ágústsdóttir, Hrönn Baldursdóttir og Björn E. Hafberg fyrir grunnskólastig og Ragnheiður Bóasdóttir og Sigríður Bílddal fyrir framhaldsskólastig. Niðurstaða fundarins var að einróma var samþykkt ályktun sem send var til Kennarasambandsins og fjölmiðla, í henni sagði m.a.:

Fundur í félagi náms- og starfsráðgjafa(FNS) lýsir yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu kennara, námsráðgjafa og stjórnenda í frnhaldsskólum. Jafnframt átelur FNS samninganefnd ríkisins(SNR) fyrir seinagang og úrræðaleyfi við samningaborðið og leggur ríka áherslu á að gengið verði til sanminga við Félag framhaldsskólakennara tafarlaust...

Framtíðaráformum um tuttugu þúsund framhaldsskólanema er stefnt í voða..... Brottfall nemenda með öllum þeim erfiðleikum sem því fylgir fyrir einstaklinga og samfélagið í heild mun ná hámarki.

..... Fundur FNS skorar því á ráðherra í ríkisstjórn Íslands að taka ábyrga afstöðu og standa við yfirlýsingar sínar um mikilvægi góðrar menntunar íslensks ungdóms sem standist fyllilega samanburð við það besta sem gerist á Vesturlöndum. Slikt gerist ekki án vel menntaðra kennara sem njóta virðingar yfirvalda fyrir störf sín, virðingar sem sýnd er í góðum launum og nútíma vinnuáðstæðum.....

Þegar samningar náðust voru haldnir kynningafundir á vegum FNS á nýjum kjarasamningum.

Kjarasamningur grunnskólakennara var kynntur námsráðgjöfum í grunnskólum í Kennarahúsinu af Hannesi Þorsteinssyni starfsmanni samninganefndar grunnskólakennara.

Kjarasamningur framhaldsskólakennara var kynntur í Kennarahúsinu af þeim Ragnheiði Bóasdóttur og Sigríði Bílddal. Nánari grein verður gerð fyrir kjarasamningum og vinnu við þá undir lið kjara- og hagsmunanefndar.

Endurmenntunarnámskeið

Dagana 26. og 27. mars síðastliðinn var haldið endurmenntunarnámskeið á vegum FNS og Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara. Undirbúningur námskeiðsins hófst sl. haust þegar sú hugmynd vaknaði að í stað fræðilegrar endurmenntunar yrði haldið námskeið þar sem áhersla yrði á stefnumótun, áætlanagerð, árangursmat og markaðssetningu á félaginu. Haft

var samband við tvö fyrirtæki til að gera tillögur að útfærslu hugmyndarinnar. Kynntu fyrirtækin hugmyndir sínar fyrir stjórn félagsins en þessi fyrirtæki voru Þróunarmiðuð þjónusta við vinnustaði, Þuríður Hjálmtýsdóttir sálfræðingur og starfsþróunurfyrirtækið Skref fyrir skref. Stjórn FNS tók tilboði Skref fyrir skref (SFS) og var Arnfríði Ólafsdóttur og Ragnheiði Bóasdóttur falið af hálfu FNS að hafa umsjón og samvinnu við SFS hvað varðaði undirbúning námskeiðsins. Undirbúningur hófst í lok nóvember og hittust fulltrúar FNS og SFS endurtekið þar til í lok mars til að vinna að undirbúningi námskeiðsins.

Námskeiðið “Styrkari staða “ var svo haldið í Kennarahúsinu dagana 26. og 27. mars s.l. eins og áður sagði. Leiðbeinendur voru Ketill Magnússon, Guðmunda Birgisdóttir og Hansína B. Einarsdóttir. Námskeiðið byggði á virkni þátttakenda og voru báðir dagarnir gjörnýttir í hugmyndavinnu sem vonandi á eftir að skila sér í þágu félagsins á næstu misserum. Þátttakendur í námskeiðinu voru 26.

Nefndir á vegum FNS

Nefnd um siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa sem skipuð var þeim Bryndísi Guðmundsdóttur, Lenu Rist og Ingibjörgu Þórdísi Þórirsdóttur skilaði tillögum sínum til stjórnar FNS í janúar sl. Stjórnin hefur haft tillögurnar til yfirlstrar og er áframhaldandi afgreiðslu vísað til nýrrar stjórnar.

Stjórn FNS þakkar nefndarmönnum fyrir óeigingjarna og krefjandi vinnu við þetta verkefni.

Nefnd um stofnun sérfélags námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum innan Kennarasambands Íslands hefur starfað með fulltrúum skipuðum af KÍ. Fulltrúar í nefndinni af hálfu KÍ eru Anna María Gunnarsdóttir, Sigurður Ingi Andrésson og Ingibergur Magnússon. Í nefndinni af hálfu FNS eru þær Sigrún Ágústsdóttir, Sigríður Bílddal og Þórhalla Gunnarsdóttir. Sæti Þórhöllu í nefndinni vegna forfalla tók Rannveig Óladóttir. Nefndin hefur haldið tvo fundi s.l. haust og á síðari fundinum skiptist hópurinn í tvennt til að vinna undirbúningsvinnu s.s. safna upplýsingum um fjölda félagsmanna í KÍ og hvaða menntun hópurinn hefur. Næsti fundur verður 30.apríl n.k.

Kjara- og hagsmunanefnd FNS starfaði ötullega í tengslum við gerð kjarasamninga á síðastliðnum vetri. All nokkrar mannabreytingar hafa orðið í nefndinni og má segja að hún hafi verið klofin í annars vegar kjaranefnd vegna kjarasamninga grunnskólakennara og hins vegar vegna kjarasamninga

framhaldsskólakennara. Þeir aðilar sem störfuðu í nefndinni voru í raun tengiliðir FNS við samninganefndir í kjarasamningum kennara á sl. vetri. Þeir sem fylgdust og unnu með samninganefnd grunnskólakennara voru Sigrún Ágústsdóttir, Hrönn Baldursdóttir og Björn Hafberg. Þær sem störfuðu með samninganefnd framhaldsskólakennara voru Ragnheiður Bóasdóttir og Sigríður Bílddal og voru þær kallaðar inn á samningafundi þegar kjaramál námsráðgjafa í framhaldsskólum voru afgreidd.

Í framhaldi af kjarasamningi framhaldsskólakennara var stofnuð sérstök nefnd til að aðstoða við röðun námsráðgjafa í launaflokka innan nýs launakerfis því semja þarf sérstaklega um þessa röðun við skólameistara í hverjum framhaldsskóla.

Í þessa nefnd voru skipuð þau Ragnheiður Bóasdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Kristján Guðmundsson.

Lögverndun starfsheitisins Náms – og starfsráðgjafi.

Toby Herman sem sæti á í kjara- og hagsmunanefnd FNS hefur unnið sérstaklega að því að kanna lögverndunarmál stéttarinnar. Undanfarin ár hefur umræða um lögverndun starfsheitisins náms- og starfsráðgjafi farið fram í félaginu og fyrir liggja samþykktir frá fleiri en einum félagsfundi um að kanna þurfi ferlið og hverjir möguleikar stéttarinnar eru í þessu sambandi. Nú hefur Toby gengið á fund Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra og borið málið undir hann. Var það niðurstaða fundar þeirra í stuttu máli að menntamálaráðherra tók málinu vel og þó að hann tæki fram að stefna stjórnvalda væri að lögvernda ekki starfsheiti væru þar vissar undantekningar á, s.s. heilbrigðisstéttir og sálfræðingar, og taldi hann að náms- og starfsráðgjafar ættu að fylgja þessum stéttum hvað lögverndunarmál varðar.

Einnig var rætt á þessum fundi um niðurfellingu á 9. grein reglugerðar 5/2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla og óskað eftir að sá hluti greinarinnar yrði felldur niður sem kveður á um að námsráðgjafi hafi “..kennslureynslu eða kennsluréttindi á framhaldsskólastigi”.

Í ljósi niðurstöðu þessa fundar er afarmikilvægt að kjara- og hagsmunanefnd, í samráði við stjórn FNS, bregðist skjótt við þessu máli.

Ég vil þakka Toby Herman sérstaklega fyrir það frumkvæði sem hún hefur sýnt.

Ritnefnd Félags náms- og starfsráðgjafa var skipuð s.l. haust. Í henni sitja þær Bryndís Guðmundsdóttir og Kristrún Guðmundsdóttir. Meginmarkmið

nefndarinnar er að hvetja til greinaskrifa og kynningar á náms- og starfsráðgjöf.

Styrkir til FNS

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins veitti FNS styrk árið 1999 til að þýða og staðla áhugasviðspróf fyrir náms- og starfsráðgjafa. Síðri hluta styrksins var úthlutað í desember s.l. og var Námi í námsráðgjöf við félagsvísindadeild HÍ veittur styrkur að upphæð 125.000 kr. til áframhaldandi vinnu við LSS (Leitaðu sjálfur að starfi). Guðbjörg Vilhjálmsdóttir lektor veitti styrknum viðtöku en hún hefur umsjón með verkefninu og varðveislu þess.

Aðrir styrkir sem FNS hafa hlotið á þessu starfsári eru 200.000 frá Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara til að greiða þáttöku námsráðgjafa úr framhaldsskólum í endurmenntunarnámskeiðinu “Styrkari staða”.

Vika símenntunar

Verkefnisstjórn um símenntun sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins stóð fyrir viku símenntunar dagana 4. – 10 sept. sl. Til stóð að meginþema vikunnar yrði náms- og starfsráðgjöf. Fulltrúar frá FNS funduðu með verkefnisstjóra frá Mennt sem annaðist framkvæmd verkefnisins og kynntu á hvern hátt FNS gæti komið að verkefninu. Stjórn FNS var á einu máli um að bjóða fram starfskrafta sína og félagsmanna sinna til þess að vika símenntunar næði þeim markmiðum sem sett höfðu verið og fyrirbyggjandi verkefnisáætlun gerði ráð fyrir.

Stjórn FNS skilgreindi með hvaða hætti mætti ná þessum markmiðum en taldi það hafa vissan kostnað í för með sér og sótti því bréflega um styrk til verkefnisstjórnar vegna þessa verkefnis. Beiðni um styrk þennan var hafnað.

Mennt óskaði eftir þátttöku FNS í viku símenntunar sem bar yfirskriftina “Menntun er skemmtun” með þeim hætti að stjórn félagsins annaðist náms- og starfsráðgjöf við almenning á símenntunarkynningu sem haldin var í Kringlunni 9. og 10 september. sl.

FNS annaðist þetta verkefni og notaði tækifærið jafnframt og kynnti náms- og starfsráðgjöf m.a. með dreifingu einblöðungs sem Hulda A. Arnljótsdóttir útbjó og Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf kostaði útgáfu á. Ég vil,

hér með, fyrir hönd stjórnar FNS þakka Huldu og Evrópumiðstöðinni þetta framlag.

Norrænt samstarf

FNS er aðili að norrænu náms- og starfsráðgjafasamtökunum. Síðastliðin 2 ár hefur stjórn samtakanna verið í höndum Íslendinga. Formaður norrænu samtakanna er Guðrún Stefánsdóttir og með henni í stjórn starfa Anna Sigurðardóttir varaformaður, Anna Kristín Halldórsdóttir og Marín B. Jónsdóttir.

Heimasíða FNS

Á vormánuðum í fyrra hófst vinna við heimasíðu félagsins. Ásrún Mattíasdóttir tók að sér að setja upp tillögur að heimasíðunni sem hún lagði fyrir stjórn FNS. Verkefnið tafðist vegna mikilla anna hjá Ásrúnu og tók því stjórn FNS þá ákvörðun að biðja Önnu Kristínu Halldórsdóttur að taka skurk í verkefninu. Nú er svo komið að heimasíða félagsins er nánast fullbúin og mun Anna Kristín annast viðhald hennar og viðbætur. Slóðin er www.fns.is og þar er að finna allar helstu upplýsingar um félagið og ýmislegt sem tengist því.

Ég vil fyrir hönd stjórnar FNS þakka þeim Ásrúnu og Önnu Kristínu kærlega fyrir þá vinnu sem þær hafa nú þegar lagt í þetta verkefni.

10 ára afmæli Náms í námsráðgjöf

Síðastliðið haust voru 10 ár liðin frá því formlegt nám í námsráðgjöf hófst við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Tímamótunum var fagnað með veglegri afmælishátíð í hátíðasal HÍ. Náms- og starfsráðgjafar fjölmenntu og gerðu sér dagamun. Í tilefni afmælisins heiðraði FNS Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur lektor með veglegri bókargjöf en hún hefur átt stærstan þátt í uppbyggingu námsins þessi tíu ár. Nú þegar þessi orð eru rituð hafa 101 náms- og starfsráðgjafi lokið námi í námsráðgjöf frá HÍ.

Önnur verkefni

Á síðasta aðalfundi FNS urðu líflegar umræður um stofnun sjóðs á vegum FNS sem félagsmenn gætu sótt í fjárstyrki t.d. vegna ráðstefnugjalda. Málinu var vísað til stjórnar FNS. Stjórn félagsins fjallaði um málið og var á einu máli að loknum umræðum að félagið hefði ekki bolmagn til að reka

sjóð af þessu tagi, umsýsla væri það mikil. Að svo stöddu væri skynsamlegra að umframfé það, sem safnaðist á reikning félagsins, væri sameiginlegur varasjóður sem nýta bæri t.d. til að fjármagna endurmenntunarnámskeið með erlendum fyrirlesurum öllum félagsmönnum til góða.

Fulltrúar stjórnar FNS sóttu ýmsa fundi og ráðstefnur sem félaginu bárust boð um. Má þar m.a. nefna þátttöku í samstarfshóp um ráðgjöf til stuðnings foreldrum barna sem verða fyrir einelti og ráðstefnu Landlæknisembættisins um forvarnir gegn sjálfsvígum.

Fulltrúar FNS, einn af hvoru skólastigi, voru boðaðir á fund í menntamálaráðuneytinu um bæklinginn *Nám að loknum grunnskóla*. Vinnuhópur þessi hélt tvo fundi með viku millibili og tóku þau Una B. Bjarnadóttir, Árbæjarskóla og Eyjólfur Bragason, FÁ, þátt í störfum vinnuhópsins fyrir hönd FNS.

Tillaga til þingsályktunar um heilsuvernd í framhaldsskólum var send FNS til umsagnar. Tillagan var lesin af þeim Sigríði Bílddal og Ragnheiði Bóasdóttir og umsögn um hana send til nefndasviðs Alþingis.

Námsefnisnefnd menntamálaráðuneytisins óskaði umsagnar FNS um umsóknir um styrki til námsefnisgerðar á framhaldsskólastigi. Fjórar umsóknir tengdust faglega náms- og starfsráðgjöf og las Ragnheiður Bóasdóttir þær yfir og veitti umsagnir.

Félagatal og netfangaskrá

Undanfarin ár hefur Sigríður Bílddal haldið utan um félagatal FNS. Hún hefur einnig séð um netfangalista félagsins og sent hann reglulega út á fns póstlistann félagsmönnum til hagræðis. Þetta starf Sigríðar er afar mikilvægt t.d. í ljósi þess að fréttabréf félagsins er nú einungis birt á rafrænu formi. Ég vil fyrir hönd stjórnar FNS þakka Sigríði kærlega fyrir þessa vinnu.

Lokaorð

Nú er lokið 19. starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa og afmælisár að hefjast. Það er óhætt að segja að á síðustu árum hafi fagið og stéttin fengið mikinn meðbyr. Þörfin fyrir fólk með okkar fagmenntun og reynslu eykst sífellt. Það er því afarmikilvægt að félagsmenn sýni samtakamátt og festu í

stefnumótun stéttarinnar. Það er mín tilfinning að þessi samtakamáttur sé einmitt eitt af einkennum okkar félaganna í FNS.

Það eru ótrúlega mörg spennandi verkefni framundan bæði fyrir stjórn félagsins sem og alla félagsmenn. Mikil ásókn er í námið í námsráðgjöf, bæði hið nýja fjarnám, sem og staðbundna námið og tillögur að meistaranámi sem hefst eftir tvö ár eru í smíðum. Þetta sýnir kannski betur en nokkuð annað hvert orð fer af stéttinni, það er eftirsóknarvert að vera í okkar hópi.

Faghópurinn starfar víða í menntakerfinu og utan þess. Hópurinn hefur stækkað ört og ég tel því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að halda gangandi öfluggu fagfélagi og hvetja félagsmenn til virkrar þátttöku í félagsstarfinu. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem starfað hafa með mér í stjórn síðastliðin tvö ár fyrir sérlega ánægjulegt og árangursríkt samstarf – starfsandi hefur verið mjög góður - enda að mínu mati valinn maður í hverju rúmi. Einnig vil ég þakka fræðslunefnd og öðrum félagsmönnum, sem starfað hafa með mér síðast liðin tvö ár, fyrir gott samstarf sem og samstarfsfólki mínu í Námsráðgjöf Háskóla Íslands fyrir stuðning í þessu starfi. Nýrri stjórn óska ég farsældar.

Reykjavík 19. apríl 2001.

Arnfríður Ólafsdóttir,
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.